

## **8. Stjórnarfundur FENÚR,**

haldinn 18. ágúst 1999 á skrifstofu Endurvinnslunnar hf. Knarrarvogi, kl. 08:30

Mættir: Gunnar Bragason, Ingi Arason, Pétur Bjarnason, Jóhannes Pálsson og Ásmundur Reykdal

### **Fundargerð.**

Fundargerð síðasta fundar hafði ekki borist. Formaður M.St., ritaði fundargerðina og skilar henni inn að loknu orlofi.

Í fjarveru formanns, stýrði varaformaður fundi.

Varaformaður greindi frá því að Magnús Stephensen, formaður FENÚR sé hættur störfum hjá SORPU, en muni halda áfram starfi formanns FENÚR, þar til annað verði ákveðið.

### **Septemberfundir.**

Farið var yfir dagskrár septemberfunda FENÚR, sem verða haldnir 6. september í tengslum við fund DNR (Det Nordiske Renhållningsudskottet) og þann 22. september í tengslum við fund starfshóps ISWA um úrgangsminnkun. Upplýsingar um fundina ásamt dagskrám, verða send til félagsmanna í byrjun viku 34.

Í tengslum við DNR fundinn eru hópstjórar starfshópa FENÚR hvattir til að halda fundi í hópunum og undirbúa þá með fundarboði.

Enn vantar að skipa hópstjóra í brennsluhóp og mun ÁR leita niðurstöðu í því máli.

### **Heimasíða og merki félagsins.**

Unnið hefur verið að hönnun merkis (logo) fyrir félagið og er tilbúin frum tillaga, sem verið er að þróa áfram. Á.R. beðinn að afla upplýsinga um kostnað við hönnu merkisins. Einnig er að hefjast vinna við heimasíðugerð FENÚR og er það verk stutt á veg komið. Stefnt er að því að komið verði upp aðgangsorði fyrir stjórnarmenn að heimasíðugerðinni svo þeir geti lagt fram hugmyndir sem gætu nýst þar.

### **Fundir starfshópa.**

Rætt um hvort æskilegt sé að festa fundi starfshópa og miða við ákveðinn fundardag. Lagt til að fundir starfshópa séu haldnir 1. fimmtudag þess mánaðar sem til fundar er boðað. Um tíðni funda í starfshópum verður að fara eftir þeim málefnum, sem efst eru á baugi hverju sinni, en varla oftast en á 2ja mánaða fresti.

Næsti fundur stjórnar, 22. september kl. 16:00 á skrifstofu Endurvinnslunnar hf.

Fundi slitið kl. 09:45

Á.R.